

Háskólalíf á miðöldunum.

Nú á dögum, þegar skólar eru á hverju strái og flestallir hafa sótt þá einhvern hluta æfinnar, sæta þeir lítilli eftirtekt sem óvanalegar eða sjaldgæfar stofnanir, er beri að hlúa að eða vernda um alla hluti fram. Þessu var öðruvísi varið á miðöldunum, meðan það taldist konunglegu ágæti næst, að kunna að skrifa eða lesa saman nokkra stafi. Þá voru skólar mjög fágætir og margt gjört þeim til uppbyggingar og viðhalds.

Frammi í fornöld, þegar skólahugmyndin fyrst byrjar, var hún mjög ólík því, sem hún síðar varð hjá Norður-Evrópu þjóðunum. Hinir fyrstu skólar voru hvorki bundnir við stað eða stund, né hús eða lagaskipanir. Þeir voru aðeins haldnir þar, hvort heldur það var undir þeru lofti eða í musturum eða samkunduhúsum, sem kennaranum þóknaðist, og þar sem hann gat fengið flesta tilheyrendur, því skólinn var ekkert annað en kennarinn og þeir, sem utan um hann þyrptust og gjörðust fylgjendur hans. Í þá daga var kennslan öll munnleg. Af þessu dróg og skólinn nafn. Orðið er af grískum uppruna og þýðir iðjuleysi, eða þeir sem ekkert hafa að gjöra, nema hlusta á þessa menn, er fóru land úr landi að kenna.

Það þótti ekki mikið verk í því, og hefir máske ekki verið fyrst framan af, en svo voru menn ekki móttækilegir fyrir mjög mikið þá, enda vissu þeir skammt, og spursmálin voru mörg að leysa úr, er siðmenningin var rétt að byrja. Það gjörir ekki betur ennþá, en fjöldinn geti fylgst með samtíðinni, hvað þá að taka nokkuð fram í tímann.

Sem dæmi þessara fornaldarskóla má nefna Sókrates og Jesú. Báðir voru kennarar, báðir drógu að sér sveit ungra manna og hvor í sínu lagi uppfræddu menn í þeim sérstöku fræðum, er þeir lögðu stund á.

Það sem einnig mætti taka fram og sem einkenndi þessa upp runalegu skóla var það, að þeir tóku fyrir aðeins eina kennslugrein og tengdu, svo allt annað, sem heimurinn í þá daga þekkti, þar við. Þannig var það siðfræðin, sem Sókrates lagði aðal stund á; aístaða mannsins við heiminn og guðina, og lögmál þess sanna og rétta.